

## Lærum hvert af öðru – virkjum grunnþættina

Í sameiginlegum hluta aðalnámskrár er kveðið á um sex grunnþætti sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu. Þeir varða starfshætti skóla, inntak og umhverfi náms og er ætlað að vera leiðarljós og skapa samfellu í öllu skólstarfi.

### 1. Hvernig má tryggja að grunnþátturinn LÆSI komi fram og endurspeglist í:

- a) Inntaki námsgreina / námssviða og kennslufræði þeirra
- b) Starfsháttum skóla og menningu þeirra

a) Nemendur læri að lesa og skilja það sem hann les. Að nemandi læri að gagnrýna það sem hann les og læri að færa rök fyrir máli sínu. Nota fjölbreyttan texta og fjölbreytt námsefni og gera það hvetjandi og áhugavert. Grípa augnablikið. Markmið, skipulag og fjölbreyttum kennsluháttum. Skoða vel hvað er verið að gera og hvar er verið að vinna með hugtök og skilning. Lesskilning og málskilning þarf að efla. Börnin þurfa að ná tókum á lestri og það að geta lesið sér til skilnings. Bókasafnið þarf að vera kjarni þar sem hægt er að setjast niður og lesa. Skólinn þarf að setja skýra stefnu og markmið og fylgja þeim vel eftir. Setjast niður saman og skoða hvað er verið að gera vel og hvað er hægt að gera betur.

b) Fjölbreyttir kennsluhættir, samvinna, stefna um læsi. Hafa grunnþættina að leiðarljósi. Efla læsi. Öflugt bókasafn. Nota bækur og ritaðar heimildir.

### 2 Hvað þarf til þess að öflug menntun í læsi eigi sér stað? (Reynsla, hugmyndir og leiðir)

Fjölbreyttir starfshættir auka menntun og markvissa endurmenntun. Vinna saman og skiptast á skoðunum t.d um nýja aðalnámskrá. Lesa sí og æ. Mikilvægt að byggja á fyrri þekkingu og nýrri þekkingu barnanna. Kennarinn þarf að hafa skilning á áhugasviði barnanna. Góður aðgangur að bókum, sýnleg hugtakakort. Virkja kennara og nýta góðar hugmyndir þeirra. Nýta

**öflugt hugmyndaflug og kennsluhætti. Samfella þarf að vera skýrari og greinilegri. Efla lestur og lesskilning.**

### **3 Hugmyndir um aðferðir til að auka læsi þvert á námsgreinar/námssvið?**

**Vinna þvert á námsgreinar og samþætta þora að fara út fyrir ramman. Allir kennarar eru íslenskukennarar. Vera meðvitaður um með hvaða þætti læsis er verið að vinna með hverju sinni. Setja jafnvel inn í námskrá/markmið. Vinna með þemavinnu og söguaðferðina. Samþætta námsgreinar. Gera sambærilegar kröfur milli námsgreina varðandi frágang á ritun. Vinna þvert á námsgreinar og samþætta. Auka tíma fyrir samstarf kennara. Samþætting kennara.**

### **4 Annað sem skiptir máli**

**Allir sem vinna með börnum þurfa að virða það við erum ólík. Einstaklingsmiðun er ekki að vinna einn heldur að vinna saman í lýðræðisþjóðfélagi. Læsi og lestarkennsla hefst í leikskóla og endar í Háskóla. Á hverju stigi lærir nemandi eitthvað nýtt og það er í höndum hvers og eins að kenna nýja tækni og útvega tól og aðferðir til að auka læsi og skilning. Viðhalda gleðinni. Foreldrar eru mikilvægir. Efla einbeitingu og nota yndislestur. Sérkennsla er fyrir alla.**